

# Mat á læsisverkefni

## Mennta- og menningarmála- ráðuneytis

Innra mat verkefnisins, mars 2020



  
MENNTAMÁLASTOFNUN

Mars 2020

**MENNTAMÁLASTOFNUN**

Katrín Frímannsdóttir

# Innihald

|   |    |
|---|----|
| Samantekt .....   | 4  |
| Inngangur .....   | 6  |
| Aðferðir til að meta árangur læsisverkefnis .....                       | 7  |
| Mat á viðbrögðum við aðgerðaáætlun .....                                | 9  |
| 1. Taka ákvörðun um árangur í læsi.....                                 | 9  |
| 1a. Ákvörðun um árangur í læsi .....                                    | 9  |
| 1b. Árangur og mat .....  | 10 |
| Próun Skólagáttar .....   | 11 |
| Notkun og niðurstöður lesfímiprófa .....                                | 12 |
| 1c. Viðmið og viðbragðsáætlanir.....                                    | 13 |
| 1d. Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis.....                       | 15 |
| 1e. Tvítýngdir foreldrar og nemendur .....                              | 16 |
| 1f. Sjóðir .....  | 16 |
| 1g. Árleg ráðstefna .....   | 16 |
| Árangur sem náðst hefur við markmiði 1.....                             | 17 |
| 2. Efla ráðgjöf, stuðning og starfspróun.....                           | 18 |
| 2a. Ráðgjöf og stuðningur .....   | 18 |
| 2b. Vefsíða .....   | 19 |
| 2c. Skimanir .....  | 19 |
| Próun og gerð lesfímiprófa.....   | 19 |
| Próun ritunarprófa .....  | 20 |
| 2d. Kennaramenntunarstofnanir og læsi.....                              | 20 |
| 2e. Fjölgun kennara og sérfræðinga.....                                 | 21 |
| 2f. Hlutverk stjórnenda og starfspróun kennara v. læsis .....           | 21 |
| Árangur sem náðst hefur við markmiði 2.....                             | 22 |
| 3.Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum.....                        | 23 |
| 3a. Aðferðir sem skila árangri skv. rannsóknum og mati.....             | 23 |
| 3b. Snemmtæk íhlutun.....   | 23 |
| 3c. Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara .....                | 24 |
| Árangur sem náðst hefur við markmiði 3.....                             | 24 |
| 4. Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi .....                | 25 |
| 4a. Foreldrar lesi fyrir börn sín og hlusti af athygli á þau lesa ..... | 25 |
| 4b. Aðgengi að lesefni við hæfi .....                                   | 25 |
| 4c. Lesefni og áhugi á lestri .....                                     | 25 |
| 4d. Fjölmiðlar og kynningar á lesefni .....                             | 25 |
| Árangur sem náðst hefur við markmiði 4.....                             | 27 |
| Ánægja með þjónustu og afurðir.....                                     | 28 |
| Ánægjukönnun um læsisverkefnið .....                                    | 28 |
| Ánægja með ráðgjöf og kynningar .....                                   | 29 |
| Niðurstöður .....   | 31 |
| Tillögur .....  | 32 |
| Höfundar skýrslu og starfsmenn læsisteymis .....                        | 34 |

## Listi yfir myndir

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1. Útlit niðurstaðna á landsvísu í janúar 2020..... | 11 |
|--|----|

## Listi yfir töflur

|   |    |
|---|----|
| Tafla 1. Þátttökuhlutfall og meðaltal lesinna orða eftir árgöngum í maí 2019 og maí 2018..... | 12 |
| Tafla 2. Lesfímiviðmið í maí .....  | 15 |
| Tafla 3. Niðurstöður ánægjukönnunar með ráðgjöf og kynningar.....                             | 29 |

## Samantekt

Á haustdögum 2015 var undirritaður *Þjóðarsáttmáli um læsi* og voru það fulltrúar allra 74 sveitarfélaga landsins, ásamt þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum Heimilis og skóla, sem undirrituðu sáttmálann. Markmið Þjóðarsáttmálans er að efla læsi barna og auka möguleika þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu. Litið var á Þjóðarsáttmálann sem stuðning við starf skóla, heimila og annarra aðila til að leggja grunn að umbótum í menntakerfinu, þannig að allir nemendur njóti góðs af sem og skólasamfélagið í heild sinni.

Í kjölfar útgáfu *Hvítbókar* árið 2014 var settur á laggirnar verkefnahópur til að skoða leiðir til eflingar læsis og koma með aðrar umbætur í menntun. Verkefnahópurinn skilaði niðurstöðum og drögum að aðgerðaáætlun í febrúar 2015. Aðgerðaáætlunin og þau verkefni sem voru tilgreind í *Þjóðarsáttmála um læsi* urðu grunnur af þeim áherslum og verkefnum sem læsisverkefnið skyldi byggjast á. Þjóðarsáttmáli um læsi var ákveðin samningur sem var gerður milli aðila um aðgerðir til að ná fram þeim markmiðum sem voru tilgreind í sáttmálanum. Menntamálastofnun, sem setti læsisverkefnið á stofn, tók að sér þann þátt sem sneri að ráðuneytinu samkvæmt Þjóðarsáttmálanum en það var að:

- Veita sveitarfélaginu stuðning og ráðgjöf við að ná markmiðum sínum.
- Láta skólum í té viðeigandi skimunarpróf.
- Aðstoða kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður mælinga og ákveða aðgerðir í kjölfarið.
- Reka virka upplýsingagátt þar sem þekkingu um læsi, kennslu og þróunarstarf er miðlað til skólasamfélagsins.
- Efna til árlegrar námsstefnu um læsi.

Í samræmi við Þjóðarsáttmálann skuldbundu sveitarfélög og skólar landsins sig til að takast á við það krefjandi verkefni sem framundan var að efla læsi og stuðla að menntaumbótum. Enda segir í Þjóðarsáttmálanum: „Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn fái nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Við munum vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018.“ Verkefni sveitarfélaga og skóla samkvæmt sáttmálanum voru m.a. að setja sér læsisstefnu, ákveða viðmið um leshraða, lesskilning, orðaforða, ritfærni, vera með mælingu á færni nemenda, beita íhlutun, nýta sérfræðipjónustu og fleira.

Áætlun um mat á verkefninu var gerð haustið 2015 og var hún að mestu unnin upp úr aðgerðaáætlun sem gerð var af undirbúningshópi verkefnisins. Læsissteymið var til ráðgjafar og hefur það komið að endurskoðun matsþátta. Matsáætlunin var unnin af Dr. Katrínu Frímansdóttur matsfræðingi en sviðsstjóri matssviðs og forstjóri MMS komu einnig að gerð hennar, auk þess sem endurmat á verkþáttum hefur verið unnið á hverju ári fyrir verkefnið í heild sinni. Að auki var verkefnastjórnun á höndum verkefnastofu MMS sem gerði aðgerðaáætlanir og hafði eftirfylgni með áfangaskýrslum tvisvar á ári. Með þetta tvennt að vopni var öflugt eftir-



lit með verkefninu sem skilaði af sér stöðugu gæðaeftirliti. Læsissteymið fundaði vikulega og voru stöðufundir vettvangur umræðu um gæði, framgang, þröskulda, takmarkanir, tækifæri og hindranir verkefnisins. Aðgerðir voru settar af stað til að mæta niðurstöðum mats, framvindu og mælinga þess.

Frá upphafi læsisverkefnisins við lok ársins 2015 hefur farið fram stöðugt mat á verkefninu. Reglulegt mat hefur farið fram í samræmi við matsáætlun. Gert hefur verið sérstakt mat að beiðni MRN, gert mat á verkefninu í samstarfi við Ríkisendurskoðun og önnur kerfisbundin söfnun gagna. Söfnun fjölbreyttra gagna hefur leitt til þess að greiningar hafa orðið markvissari og betur unnt að fylgjast með þróun á lestrarfærni nemenda á Íslandi. Sem hluti af matsáætlun var gert áhrifalíkan en þar var gerð grein fyrir áhrifaþáttum verkefnisins og innri tengingu þeirra. Aðferðir sem notaðar voru við gerð þessa lokamats voru bæði eigindlegar og meginlegar. Eigindlegu aðferðirnar voru rýni í fundargerðir, minnisblöð, verkefnislýsingar, glærur, kynningar, beiðnir, próf og námsefni. Meginlegar aðferðir voru notaðar við greiningu á niðurstöðum prófa, greiningu prófa og niðurstöðum kannana.

Þegar horft er á árangur af markmiðum verkefnisins þá ber fyrst að nefna hönnun, stöðlun og útgáfu á fjölda skimana auk þess að aðgengi að kennsluefni og ítarefni fyrir kennara hefur verið aukið til að styðja við kennslu læsis. Að auki hefur verkefnið sinnt vitundarvakingu, m.a í samvinnu við rithöfunda, bókasöfn og RÚV, sem hefur skilað sér í metnaðarfullum verkefnum eins og t.d. Sögur, sumarlestur og fleira. Einn mikilvægur árangur verkefnisins felst í aðgengi skólasamfélagsins að kennsluefni, skimunum, tölulegum gögnum, hugmyndum og fjölbreyttu ítarefni sem allt er að finna á einum stað.

Útgáfa skimunarprófa hefur farið fram undir hatti Lesferils. Eitt af prófum Lesferils er lesfimi-prófin en þau byggjast á færni í lestrarnákvæmni, leshraða og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir eru meðal undirstöðuþátta fyrir lesskilning. Þrátt fyrir að þátttaka í lesfimi-prófum sé valkvæð þá hefur hún verið mjög mikil eða vel yfir 90% í flestum bekkjum grunnskólans. Almennt eru kennarar (73%) og skólastjórnendur (86%) ánægðir með prófin en fram kemur að þeir eru síður ánægðir með lesfimiviðmiðin eða 49% (kennara) og 62% (skólastjórnenda). Þá má líka nefna að árangur á lesfimi-prófunum hefur farið lítillega upp á við.

Þótt læsissteymi Menntamálastofnunnar hafi byrjað vinnu á öllum undirmarkmiðum verkefnisins þá eru nokkur enn í vinnslu þ.á m. lokaþróun skimana í Lesferli svo og fjölbreyttara náms- og kennsluefni fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSÁT). Starfsþróun kennara hefur verið sinnt í formi ráðgjafar, með fyrirlestrum og í formi íhlutunarefnis en Menntamálastofnun er ekki í stakk búin til að sinna formlegri starfsþróun kennara þar sem skortur er á skipulegum vettvangi fyrir slíkt.

Það er mikilvægt að leggja áherslu á að vinna að áhersluþáttum verkefnisins áfram enda liggur skýrt fyrir að efling lestrar er krefjandi og umfangsmikið verkefni. Einnig þarf að nýta áfram þá innviðauppbyggingu og reynslu sem skapast hefur undanfarin ár í tengslum við verkefnið. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim mörgu þáttum sem læsisverkefnið hefur sinnt en einnig farið yfir nokkrar áskoranir sem eru til staðar við að efla læsi og íslensku.

# Inngangur

Árið 2014 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út [Hvítbók um umbætur í menntun](#) þar sem sett var fram stefna um að íslenskt menntakerfi yrði samanburðarhæft við það sem best gerist erlendis. Eitt af megin markmiðum sem sett var fram í Hvítbókinni var: „Hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stig) í lesskilningi PISA fari úr 79% (2012) í 90% 2018“ (bls. 3). Niðurstöður PISA-rannsókna frá 2006, 2009 og 2012 sýndu, svo ekki varð um villst, að lestrarkunnátta og lestrargeta íslenskra barna fór hnignandi og samkvæmt niðurstöðum frá 2012 gátu 20% nemenda í 9. bekk ekki lesið sér til gagns. Af sex þrepum sem gefin eru upp í niðurstöðum PISA eru 46% íslenskra þátttakenda í neðstu þremur þrepunum.

Í kjölfar Hvítbókar kom þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson á fót verkefni til þess að bæta lestrargetu gunnskólabarna. Settur var á laggirnar vinnuhópur til að skoða leiðir til úrbóta og skilaði hópurinn af sér niðurstöðum í febrúar 2015. Verkefnastjóri hópsins var Guðfinna S. Bjarnadóttir.

[Aðgerðaáætlun](#) vinnuhópsins fól í sér tillögur um að gert yrði átak í læsi fyrir íslensk börn þar sem meginþættirnir væru aukin kennsla í læsi og aukin og bætt fagleg þróun kennara í lestrar-kennslu.

Fjórar megin tillögur í aðgerðaráætluninni voru að:

1. Taka ákvörðun um árangur í læsi
  - a. Ákvörðun um árangur í læsi
  - b. Árangur og mat; reglubundnar mælingar
  - c. Viðmið og viðbragðsáætlanir
  - d. Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis
  - e. Tvítýngdir foreldrar og nemendur
  - f. Árleg ráðstefna
2. Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþróun
  - a. Ráðgjöf og stuðningur
  - b. Vefsíða
  - c. Skimanir
  - d. Fjölgun kennara og sérfræðinga
  - e. Hlutverk stjórnenda og starfsþróun kennara
3. Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum
  - a. Aðferðir sem skila árangri skv. rannsóknum og mati
  - b. Snemmtæk íhlutun

- c. Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara
- 3. Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi
  - a. Foreldrar lesi fyrir börn sín og hlusti af athygli á þau lesa
  - b. Aðgengi að lesefni við hæfi
  - c. Lesefni og áhugi á lestri
  - d. Fjölmiðlar og kynningar á lesefni

Menntamálastofnun (MMS) hóf starfsemi 1. október 2015 og var henni falið að sjá um framkvæmd læsisverkefnisins. Á haustdögum 2015 undirrituðu fulltrúar allra sveitarfélaga landsins, ásamt Mennta- og menningarmálaráðherra, fulltrúum Kennarasambands Íslands og samtakanna Heimili og skóli *Þjóðarsáttmála um læsi*. [Markmið Þjóðarsáttmálans](#) er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Tilgangur og markmið verkefnisins var því að efla læsi í landinu.

Haustið 2015 voru ráðnir læsiráðgjafar til Menntamálastofnunar. Þeir nutu í upphafi aðstoðar frá faglegum ráðgjafa, [Dr. Stephanie Gottwald](#) sem þá var prófessor við Tufts háskóla í Boston og aðstoðarforstjóri Center for Reading and Language Research og sá hún um faglega þjálfun læsiráðgjafanna. Einnig hafði hún aðkomu að lokamati verkefnisins með áherslu á greiningu á faglegu starfi teymisins og hvernig og hversu vel það tengist rannsóknum á læsi.

### Aðferðir til að meta árangur læsisverkefnis

Áætlun um mat á verkefninu var gerð haustið 2015 og var hún að mestu unnin upp úr aðgerðaáætlun sem gerð var af undirbúningshópi verkefnisins. Læsisteymið var til ráðgjafar og hefur það komið að endurskoðun matsþátta. Matsáætlunin var unnin af Dr. Katrínu Frímansdóttur matsfræðingi en sviðsstjóri matssviðs og forstjóri MMS komu einnig að gerð hennar, auk þess sem endurmat á verkþáttum hefur verið unnið á hverju ári fyrir verkefnið í heild sinni. Að auki var verkefnastjórnun á höndum verkefnastofu MMS sem gerði aðgerðaáætlanir og hafði eftirfylgni með áfangaskýrslum tvisvar á ári. Með þetta tvennt að vopni var öflugt eftirlit með verkefninu sem skilaði af sér stöðugu gæðaeftirliti. Læsisteymið fundaði vikulega og voru stöðufundir vettvangur umræðu um gæði, framgang, þröskulda, takmarkanir, tækifæri og veikleika verkefnisins og voru aðgerðir settar af stað til að mæta niðurstöðum mats og mælinga.

Á árinu 2018 kölluðu MMR og Ríkisendurskoðun eftir samantekt á verkefninu sem og fjárhagsþáttum þess og var þeim greinargerðum skilað innan mánaðar frá beiðni. Matsáætlunin hefur verið endurskoðuð reglulega en breytingar hafa að mestu verið byggðar á auknu aðgengi að gögnum. Kerfisbundin söfnun fjölbreyttra gagna hefur leitt til þess að greiningar hafa orðið markvissari og með auknu magni gagna hefur verið hægt að skoða og fylgjast með þróun lestrarfærni íslenskra nemenda. Hluti af matsáætlun var gerð áhrifalíkans þar sem gerð er grein fyrir áhrifaþáttum verkefnisins og innri tengingu þeirra.

Aðferðir sem notaðar voru við gerð þessa lokamats voru bæði eigindlegar og meginlegar. Eigindlegu aðferðirnar voru rýni í fundargerðir, minnisblöð, verkefnislýsingar, glærur, kynningar, beiðnir, próf og námsefni. Meginlegar aðferðir voru notaðar við greiningu á niðurstöðum prófa, greiningu prófa og niðurstöðum kannana. Matið var unnið af læsisteyminu og var ábyrgðinni á lýsingu og greiningu á hverjum þætti dreift á þá einstaklinga sem best þekkja til og hafa haft yfirumsjón með þeim þáttum. Kannanir voru skrifaðar og greindar af Dr. Katrínu Frímansdóttur sem einnig hafði yfirumsjón með matinu.



# Mat á viðbrögðum við aðgerðaáætlun

## 1. Taka ákvörðun um árangur í læsi

### 1a. Ákvörðun um árangur í læsi

„Hvatt er til þess að öll sveitarfélög setji fram sáttmála sem birtist í skýrri og aðgengilegri læsisstefnu sem verði hluti af skólastefnunni sem hver skóli útfærir. Þar komi fram viðmið um árangur í læsi fyrir alla aldurshópa. Fyrirmyndir um stefnur og dæmi um viðmið verði aðgengileg miðlægt.“

#### *Læsisstefna sveitarfélaga og skóla*

Fyrsta verkefnið sem sveitarfélög og KÍ skuldbundu sig til að gera með þjóðarsáttmálanum var gerð læsisstefnu fyrir sveitarfélagið og skóla þeirra. Menntamálastofnun framkvæmdi úttekt haustið 2018 þar sem athugað var hvort sveitarfélögin hefðu sinnt þessu hlutverki. Bæði var send út könnun og úttekt gerð á aðgengi læsisstefnu á heimasíðum hjá sveitarfélögum og leik- og grunnskólum. Gallup á Íslandi var framkvæmdaraðili könnunarinnar en umsjón hennar var í höndum læsisteymis. Um 92% svörun var í könnuninni og voru helstu niðurstöður (sjá skýrslu í viðhengi) að einungis þriðjungur sveitarfélaga höfðu sett sér læsisstefnu og greinilegur munur var eftir stærð sveitarfélaga og aðgengi þeirra að fræðslustjóra (samheiti yfir miðlægan yfirmann menntamála í sveitarfélagi). Í ljós kom að minni sveitarfélög (<200 nemendur) höfðu síður sett sér læsisstefnu (6%) en stærri sveitarfélög sem sést best á því að 93% allra nemenda á Íslandi eru í skólum þar sem sveitarfélagið hefur sett sér læsisstefnu. Jafnframt er greinilegur munur á þeim sveitarfélögum sem hafa aðgang að fræðslustjóra, en einungis 2% þeirra sem ekki hafa aðgang að fræðslustjóra hafa sett sér læsisstefnu. Í niðurstöðum skýrslunnar segir:

*Við gerð könnunarinnar kom skýrt í ljós þörf á miðlægum gagnagrunni fyrir leik- og grunnskóla sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi leik- og grunnskóla. [Skólagátt](#) er miðlægur gagnagrunnur Menntamálastofnunar en hlutverk hennar er fyrst og fremst að varðveita niðurstöður skimana og samræmdra könnunarprófa. Sjá nánari skýringu hér að neðan.*

*Vert er að skoða gaumgæfilega þörfina á miðlægri einingu í stjórnun og/eða þjónustu fyrir sveitarfélög og skóla. Aðstöðumunur lítilla og stórra sveitarfélaga er verulegur og ekki er óvarlegt að áætla að þetta komi niður á árangri nemenda rétt eins og niðurstöður ýmissa mælinga hafa sýnt síðustu ár. Því er jöfnuði í námi nemenda eftir búsetu ábótavant og þörf virðist vera á starfsþróun tengt læsi á landsvísi.*

*Það er mikilvægt fyrir Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra að fá slíka samantekt á gerð og framkvæmd læsisstefna hjá skólum og sveitarfélögum. Þessi samantekt gefur góða innsýn inn í stöðu mála og er sterkur grunnur fyrir læsisteymi Menntamálastofnunar og aðra að aðstoða skóla og sveitarfélög til að veita nemendum faglegan og góðan stuðning. Það er kappsmál okkar allra að bæta lestrarkunnáttu barna og almennt læsi, þannig að þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu og skapað eigin velferð.*

*Þau sveitarfélög sem ekki hafa sett sér stefnu og hafa ekki skýr markmið og aðgerðir verða að gera slíkt, enda er slík vinna forsenda þess að fullnægjandi menntun eigi sér stað. Menntamálastofnun mun leggja sitt af mörkum að aðstoða sveitarfélög og skóla við að setja stefnu, vinna í aðgerðum til að efla læsi og bæta hag og menntun barna.*

Ljóst er af niðurstöðum úttektarinnar að lítil sveitarfélög þurfa markvissa aðstoð við gerð læsisstefnu og reikna má með að þau þurfi einnig aðstoð við að fylgja henni eftir. Læsisstefnurammi var hannaður af læsisteymi í samstarfi við aðra sérfræðinga innan MMS og kynntur á fundum ráðgjafa með skólastjórum og sveitarfélögum. Í kjölfar birtingar á könnuninni, sem rædd var hér að ofan, var bréf sent til allra skólastjóra og sveitarfélaga og þeim boðin ráðgjöf um gerð læsisstefnu og er læsisteymið að vinna með fjórum sveitarfélögum að gerð slíkar stefnu.

[Lesfimi viðmið](#) voru ákveðin fyrir alla árganga grunnskóla veturinn 2015/2016 (sjá nánar í kafla 1c hér að neðan). Lesfimi viðmiðin voru birt á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. Viðmiðin eru þrískipt og tilgreina hvað eðlilegt er að 90% nemenda, helmingur nemenda og sá fjórðungur nemenda sem best stendur í lesfimi geti lesið mörg rétt orð á mínútu við lok skólaárs.

**Unnið hefur verið markvisst að markmiði 1 a frá 2016 og er sú vinna enn í gangi.**

## 1b. Árangur og mat

„Reglubundnar mælingar (skimanir/mat) verði gerðar til að meta árangur í málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og niðurstöður nýttar til stöðugra umbóta í námi og kennslu læsis í þágu hvers nemanda.“

Þegar læsisverkefninu var ýtt úr vör voru kennarar að nota ýmis mælitæki og skimanir til þess að meta stöðu nemenda í málþroska og læsi en ekkert þessara tækja hafði miðlægan gagnagrunn. Mismunur var á milli skóla og sveitarfélaga hvaða tæki væru notuð og hvernig. Til þess að ná markmiði 1 b þurfti því að semja og staðla lestrarpróf fyrir alla bekki grunnskóla, svo og að hanna miðlægan gagnagrunn þar sem niðurstöður yrðu skráðar til að kennarar og skólastjórnendur gætu nálgast niðurstöður og samanburð á landsvísi. Þar sem engin nothæf próf voru til var strax hafin vinna við gerð staðlaðra skimunarprófa. Eins höfðu aldrei verið gefin út íslensk viðmið um lesfimi, þó svo margir skólar hafi stuðst við Fluglæsi sem unnið var af Rósu Eggertsdóttur. Í október 2016 lauk vinnu við gerð skimunarprófanna í lesfimi en við stöðlun þess tóku 29 skólar og 5.500 nemendur af öllu landinu þátt.

Læsissteymið tók þá ákvörðun að gera lesfimiþróf fyrir alla árgangabekki grunnskóla og einnig var lögð áhersla á að hinn almenni bekkjakennari gæti lagt þau fyrir til að auka líkurnar á íhlutun inni í bekk. Prófin voru tilbúin til almennrar notkunar í september 2016 en tölfraeðileg vinna við prófin er gerð árlega. Vinnu við prófin verður í raun aldrei lokið þar sem langtímaniðurstöður verða notaðar til þess að taka ákvarðanir um einstök próf og nauðsynlegar breytingar byggðar á tölfraeðigreiningum prófafræðinga Menntamálastofnunar. Ákvörðun um notkun prófanna er alfarið í höndum yfirmanna skólamála sveitarfélagsins en framkvæmd þeirra er í flestum tilvikum á höndum bekkjakennara (74%) eða sérkennara (14%) eða með samvinnu á milli þeirra (19%)<sup>1</sup>. Kennari sem leggur prófið fyrir sér um að setja niðurstöður inn í gagnagrunninn, Skólagátt, en MMS sér um að kynna niðurstöður á myndrænu formi innan Skólagáttarinnar. Megintilgangur prófanna er að kennarar hafi áreiðanleg vinnugögn til þess að meta stöðu einstakra nemenda í lestri en þeir fá aðgang að niðurstöðum allra nemenda í sinni umsjá. Einnig

1 Hægt var að haka við fleiri en eitt svar

sýnir Skólagátt niðurstöður einstakra nemenda, einstakra bekkja og skóla. Að auki er gefin staða allra nemenda í landinu miðað við lesfímilæsisviðmið. Samkvæmt könnun sem gerð var á nýtingu niðurstaðna lesfímiprófanna segjast rúmlega 88% kennara nýta niðurstöður til þess að laga lestrarnám að þörfum nemenda. Kennarar og skólastjórnendur hafa einnig aðgang að niðurstöðum sem sýna stöðu nemenda í læsi í skólanum miðað við lesfímiviðmið á landsvísu (Mynd 1).



**Mynd 1.** Útlit niðurstaðna á landsvísu í janúar 2020.

## Þróun Skólagáttar

Þróun og uppbygging gagnagrunns fyrir skimanir og próf hófst fljótlega eftir að verkefnið byrjaði og var gefið nafnið Skólagátt. Hlutverk Skólagáttar er fyrst og fremst að varðveita niðurstöður skimana og prófa og geyma þær á einum vernduðum stað. Skólagátt er miðlunarleið Menntamálastofnunar til allra grunnskóla landsins. Skólagátt þjónar þremur hópum: 1. Menntamálastofnun til greininga og geymslu á gögnum, 2. Skólasamfélaginu til þess að geyma gögnin og að nálgast niðurstöður, 3. Rannsóknarsamfélaginu til þess að nálgast gögn til rannsókna á læsi. Fyrstu tveir hóparnir hafa notað Skólagáttina frá upphafi og er þetta í samræmi við áherslur á eignarhald skóla á gögnum, tilgang vinnslunnar, hönnun matstækisins, notkun og þá persónuverndarstefnu sem liggur til grundvallar. Aðgengi fyrir fræðslustjóra eða aðra yfirmenn skólamála í sveitarfélögum hefur verið mikið til umræðu en nokkur sveitarfélög hafa farið þá leið að láta skólastjóra gefa fræðslustjóra aðgengi að niðurstöðum eins og um skólastjóra væri að ræða. Háskólasamfélagið er smám saman að auka notkun á gögnum þar sem unnið hefur verið að bættu aðgengi fyrir þá sem áhuga hafa á að nýta sér gögnin til menntarannsókna. Þannig mætti með markvissum hætti nýta niðurstöður til stöðugra umbóta í lærdómssamfélagi.

Í byrjun árs 2020 eru öll lesfímipróf innan Skólagáttar: bæði prófagögnin sjálf sem og gagnvirkar niðurstöður í rauntíma. Einnig eru þar niðurstöður fyrir stuðningsprófin, sjónrænan orðaforða, orðleysur og Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk. Orðarún er lesskilningspróf fyrir nemendur í 3.–8. bekk og er það próf aðgengilegt á læstu svæði skóla á vef Menntamálastofnunar, ásamt gögnum tengdum Lesmáli fyrir 2. bekk. Skólagátt þjónar því ekki eingöngu lesfími-

prófum heldur var ákveðið að nýta hana fyrir öll önnur próf sem Menntamálastofnun býður upp á. Þannig varð Skólagátt rafrænn gagnagrunnur sem hefur þann tilgang að halda utan um samræmd könnunarpróf sem og stöðu- og skimunarpróf í lestri fyrir grunnskólanemendur á Íslandi. Þessi stefna hefur orðið til þess að allar niðurstöður prófa sem frá MMS koma verður í framtíðinni hægt að nálgast í Skólagátt en á móti kemur að uppbygging gagnagrunnsins er mun flóknari og umfangsmeiri en upphaflega var áætlað.

## Notkun og niðurstöður lesfimiþrófa

Þess ber að geta að vorið 2017 voru í fyrsta sinn í sögu menntamála á Íslandi til heildargögn um stöðu og framfarir nemenda í lestri en áriðandi er að taka fram að túlkun þessara gagna takmarkast mjög af skorti á langtímagögnum. Skýrslur um niðurstöður lesfimiþrófa hafa verið gefnar út árlega og er þær að finna á heimasíðu MMS en [hér er hlekkur á niðurstöður](#) frá því í maí 2019.

Eins og kemur fram í kafla 2c (sjá einnig Tafla 1) hefur þátttaka í lesfimiþrófunum hjá öllum bekkjum grunnskóla aukist jafnt og þétt og í maí 2019 var hún á bilinu 76% í 10. bekk og 96% í 1. bekk. Þetta mynstur í þátttöku hefur haldist nokkuð stöðugt þ.e. að minnst þátttaka er í 1. og í 10. bekk í september en mest í 1.–3. bekk í maí. Einnig ef niðurstöður maí 2019 eru bornar saman við niðurstöður maí 2018 má sjá að meðaltal lesinna orða eykst í fjórum árgöngum, stendur í stað hjá fjórum árgöngum en dalar hjá tveimur árgöngum. Mestur er munurinn í 10. bekk en árgangurinn bætir við sig þremur orðum að meðaltali. Í 4. bekk dalar árgangurinn að meðaltali um eitt orð en tvö orð í 6. bekk.

**Tafla 1.** Þátttökuhlutfall og meðaltal lesinna orða eftir árgöngum í maí 2019 og maí 2018.

| Bekkur | þátttaka maí 2018 | þátttaka maí 2019 | Meðaltal lesinna orða maí 2018 | Meðaltal lesinna orða maí 2019 | Munur á fjölda rétt lesinna orða maí '18–'19 |
|--------|-------------------|-------------------|--------------------------------|--------------------------------|--|
| 1      | 93%               | 96%               | 49                             | 50                             | 1  |
| 2      | 92%               | 95%               | 76                             | 76                             | 0  |
| 3      | 93%               | 95%               | 91                             | 93                             | 2  |
| 4      | 93%               | 95%               | 118                            | 117                            | -1   |
| 5      | 94%               | 94%               | 119                            | 119                            | 0  |
| 6      | 94%               | 95%               | 129                            | 127                            | -2   |
| 7      | 94%               | 94%               | 139                            | 139                            | 0  |
| 8      | 89%               | 92%               | 154                            | 155                            | 1  |
| 9      | 83%               | 87%               | 162                            | 162                            | 0  |
| 10     | 79%               | 76%               | 165                            | 168                            | 3  |

Kennarar hafa verið hvattir til að nota skimanirnar fyrir alla bekki og sérstaklega eru þeir minntir á að það sé mikilvægt að byrja strax í 1. bekk til þess að hægt sé að fylgjast með framförum nemenda frá fyrstu dögum grunnskólagöngu þeirra. Nýting niðurstaðna lesfimiþróa fer eftir þörfum notenda en lagt var upp með að hagur nemenda væri ávallt hafður að leiðaljósi. Kennarar hafa þann möguleika að nýta niðurstöður einstakra nemenda til þess að laga kennslu að þeirra þörfum, skólastjórar til þess að rýna í árangur bekkja og skólans í heild og Menntamálastofnun nýtir niðurstöður til þess að fylgjast með framförum alls landsins í lesfimi svo og til þess að greina prófin sjálf. Tæplega 90% kennara segjast ræða niðurstöðurnar við foreldra. Hluti af áherslum í ráðgjöf 2016–'17 bar titilinn „Töfrar í tölum“ og var markmiðið að kynna hvernig túlka ætti niðurstöður lesfimiþróa og nota þær við áætlanagerð og til íhlutunar við kennslu. Á heimasíðu MMS er einnig að finna upplýsingar um hvernig [túlka beri niðurstöður lesfimiþróa](#).

**Erfitt er að segja til um hvort markmiði 1b hefur verið náð þar sem það nær yfir bæði mat á árangri í málþroska annars vegar og læsi hins vegar sem og hvort niðurstöður séu nýttar til stöðugra umbóta í námi og kennslu læsis í þágu hvers nemanda. Menntamálastofnun leggur til bæði skimun á málþroska (HLJÓM-2) fyrir leikskóla og lesfimiþróf fyrir grunnskólanemendur og safnar gögnum miðlægt í lesfimiþrófunum. Eins býður stofnunin upp á stuðning við að vinna eftir niðurstöðum beggja prófa/skimana en það er á höndum skólanna að nýta niðurstöðurnar til umbóta í námi og kennslu.**

### 1c. Viðmið og viðbragðsáætlanir

„Menntamálastofnun prói stöðluð viðmið um árangur í læsi fyrir leikskóla og hvert skólaár grunnskóla. Þangað til verði stuðst við önnur þekkt viðmið.“

Markmiðið með setningu lesfimiviðmiða, ásamt væntanlegum viðmiðum um lesskilning og ritun, var að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna á íslensku skólakerfi. Viðmið um læsi barna eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi.

[Lesfimiðviðmið](#) voru sett þannig fram að þau sýna stígandi í færni nemenda frá einum árgangi til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspegla þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Eftir vel rökstuddar tillögur frá ráðgjafahópi var ákveðið að setja viðmiðin fram sem orð á mínútu en ekki atkvæði á mínútu eins og venjan hefur verið á Íslandi. Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar byggja m.a á stöðlunarfyrlögn lesfimiþróa sem náði til 5.500 nemenda á árunum 2016–'17. Mælieiningin orð á mínútu er að vissu marki háð stíl. Prófafræðingar Menntamálastofnunar reiknuðu út **vegin orð á mínútu** fyrir öll prófin en orðalagið **vegin orð á mínútu** er notað um lesfimi þegar búið er að stilla af niðurstöður úr lesfimimælingu út frá þyngd textans sem nemandinn las. Þá er miðað við texta sem nemendur í öllum árgöngum grunnskólans lesa. Með þessu er verið að búa til jafnan stígandi feril og þannig komið í veg fyrir að breytileiki í þyngd mismunandi texta skekki niðurstöður.



Ávallt hefur verið vakin athygli á mikilvægi þess að sterkur faglegur rökstuðningur liggi að baki viðmiðunum. Í þeim rökstuðningi fólst m.a. að sýna fram á að sterk fylgni er milli lesfimi og les-skilnings. Einnig var rýnt í tengsl lokaviðmiða í 10. bekk við hæfniprep 2 í kenningaramma PISA fyrir lesskilning þar sem yfirmarkmið læsisverkefnisins byggir á þeim. Faglegur rökstuðningur liggur að baki því hvaða hæfni nemendur þurfa að hafa náð til að tileinka sér það námsefni sem boðið er upp á í viðkomandi árgöngum og tengist markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar miðast við niðurstöður úr lesfimiþrófum Lesferils og því er ekki hægt að nota önnur próf til að meta hvort nemandi hafi náð þessum viðmiðum.

#### **Lesfimiviðmið MMS byggja á eftirfarandi gögnum:**

- Niðurstöðum úr stöðlun lesfimiþrófa *Lesferils* (2015–2016).
- Sjónarmiðum sérfræðinga úr ráðgjafahópi.
- Niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna á lesfimi.
- Viðmiðum sem fræðimenn hafa fjallað um og lúta að lesfimi.
- Mati á kennsluefni sem nemendum er ætlað að takast á við á næsta skólastigi.
- Gögnum frá íslenskum skólum sem hafa náð að auka færni nemenda í lesfimi með markvissri íhlutun.

Að auki:

- Var send könnun til allra framhaldsskóla og þeir beðnir um að segja frá lesviðmiðum sem þeir nota. Svörun var 27%.
- Fóru læsisráðgjafar inn á heimasíður allra grunnskóla og skráðu þá skóla sem birta viðmið sem þeir nota.
- Var gerð ítarleg greining á skimunarprófunum og áreiðanleika þeirra.
- Var gerð ítarleg greining á niðurstöðum skimunarþrófa.
- Voru sendar beiðnir til menntamálafulltrúa fjögurra landa og óskað eftir aðgengi að læsisviðmiðum þeirra.
- Tóku ráðgjafar frá fimm grunnskólum, HÍ og HA þátt í ákvörðun viðmiðana til viðbótar við læsisteymi MMS.

Á grundvelli þessara gagna og niðurstöðum ráðgjafarhóps lagði Menntamálastofnun til að sett yrðu lesfimiviðmið sem sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Lesfímiviðmið í maí.

| Aldur nemenda | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|---------------|------------|------------|------------|
| 1. bekkur     | 20         | 55         | 75         |
| 2. bekkur     | 40         | 85         | 100        |
| 3. bekkur     | 55         | 100        | 120        |
| 4. bekkur     | 80         | 120        | 145        |
| 5. bekkur     | 90         | 140        | 160        |
| 6. bekkur     | 105        | 155        | 175        |
| 7. bekkur     | 120        | 165        | 190        |
| 8. bekkur     | 130        | 180        | 210        |
| 9. bekkur     | 140        | 180        | 210        |
| 10. bekkur    | 145        | 180        | 210        |

Eins og fram kemur í kafla 2b þá hefur ítarefni smám saman verið sett inn á vef MMS sem og viðbragðsáætlanir en 7. febrúar 2020 var [Læsisvefurinn](#) opnaður. Þar er að finna verkfæri og bjargir sem nýtast við vinnu úr niðurstöðum Lesferils svo og ítarefni, kennsluefni og námsefni sem nýta má til að efla læsiskennslu á öllum stigum grunnskólans.

## 1d. Samstarf og skilningur á mikilvægi læsis

**Lesfímiviðmið MMS byggja á eftirfarandi gögnum:**

- Niðurstöðum úr stöðlun lesfímiprófa Lesferils (2015-2016).
- Sjónarmiðum sérfræðinga úr ráðgjafahópi.
- Niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna á lesfími.
- Viðmiðum sem fræðimenn hafa fjallað um og lúta að lesfími.
- Mati á kennsluefni sem nemendum er ætlað að takast á við á næsta skólástigi.
- Gögnum frá íslenskum skólum sem hafa náð að auka færni nemenda í lesfími með markvissri íhlutun.

**Að auki:**

- Var send könnun til allra framhaldsskóla og þeir beðnir um að segja frá lesviðmiðum sem þeir nota. Svörun var 27%.
- Fóru læsisráðgjafar inn á heimasíður allra grunnskóla og skráðu þá skóla sem birta viðmið sem þeir nota.
- Var gerð ítarleg greining á skimunarprófunum og áreiðanleika þeirra
- Var gerð ítarleg greining þá niðurstöðum skimunarprófa
- Voru sendar beiðnir til menntamálafulltrúa fjögurra landa og óskað eftir aðgengi að læsisviðmiðum þeirra

„Skólar haldi reglulega fræðslufundi um læsi með foreldrum, t.d. þegar barn hefur leikskólagöngu, í upphafi 1., 4., 7. og 10. bekkjar grunnskóla.“

Samkvæmt könnun MMS segjast yfir 95% skóla reglulega halda fræðslufundi/kynningarfundum með foreldrum og forráðamönnum nemenda. Þessi hluti aðgerða er alfarið á höndum skólanna en ráðgjafar læsisteymisins hafa stutt þá verulega með ráðgjöf til kennara og útbúið

glærुकynningar þeim til handa. Einnig hafa ráðgjafarnir haldið fyrirlestra fyrir foreldra í leik- og grunnskólum í þeim sveitarfélögum sem þeir hafa veitt ráðgjöf til. Læsissteymið tók þátt í gerð læsisáttmála með samtökunum Heimili og skóli en með sáttmálanum er höfðað til samtakamáttar og samábyrgðar varðandi eflingu læsis. Áherslu á vitundarvakningu hefur að hluta verið beint til foreldra, má þar nefna verkefni tengd lestri í lengri fríum.

## 1e. Tvítýngdir foreldrar og nemendur

„Sérstök samvinna skóla verði við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku, skipulagt verði t.d. stuðningsnet fyrir þá á landsvísu og innan sveitarfélags/hverfis. Tvítýngdir foreldrar verði hvattir til að aðstoða leik- og grunnskólabörn sín á þeirra eigin móðurmáli, auka orðaforða, efla málvitund og færni í tjáningu (virkt tvítýngi). Skólar þjálfi orðaforða, lesskilning, ritun og tjáningu á íslensku og vinni að virku tvítýngi. Sérstök áhersla verði á að nýta þekkingu og reynslu skóla, kennara og sérfræðinga og grasrótarsamtaka sem náð hafa árangri á þessu sviði.“

Menntamálastofnun hóf samstarf við Huldu Karen Daníelsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þróun námsefnis, rágjöf fyrir tvítýngda nemendur og starfsþróun kennara á þessu sviði. Hulda Karen hefur haldið námskeið víða um land og sinnt ráðgjöf þegar þess hefur verið óskað. Í þessu samstarfi voru skoðaðar kennsluaðferðir og kennslugögn sem hentað gætu fyrir þennan hóp. Allra handa kynningarefni hefur verið þýtt á ensku og pólsku til að efla þennan málaflokk en betur má ef duga skal.

## 1f. Sjóðir

„Hvatt er til að Sprotasjóður, Þróunarsjóður námsgagna og aðrir viðeigandi sjóðir verði með sérstaka læsisáherslu.“

Þessi hluti aðgerðaáætlunar er ekki á höndum Menntamálastofnunar.

## 1g. Árleg ráðstefna

„Ráðuneyti efni til námsstefnu þar sem læsi verði í brennidepli. Tilgangurinn verði að (a) varpa ljósi á læsisárangur, (b) auka umræðu um læsi og þær leiðir sem bestar eru til að ná árangri í læsis-kennslu og (c) vekja áhuga á læsi meðal nemenda og skólasamfélaga.“

Farin var sú leið að vera í samstarfi við háskólasamfélagið með læsisráðstefnur og skiptast á að hafa þær á Akureyri í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA og í Reykjavík í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Fyrsta ráðstefnan var árið 2016 og bar hún yfirskriftina „[Læsi, skilningur og lestraránægja](#)“. Þátttakendur á þessari fyrstu ráðstefnu voru rúmlega 400. Ári seinna, eða 2017, var ráðstefnan í Reykjavík og hafði yfirskriftina „Lestur er lykill að ævintýrum“, en hana sóttu um 250 manns. 2018 var aftur komið að Akureyri og nú undir yfirskriftinni „[Læsi í skapandi skólustarfi](#)“. Það árið sóttu 320 kennarar og annað skólafólk ráðstefnuna. Ákveðið var að taka hlé frá ráðstefnuhaldi 2019 en nú þegar er byrjað að skipuleggja ráðstefnu fyrir árið 2020 á Akureyri.

Árangur sem náðst hefur við markmiði 1

Öllum þeim markmiðum í kafla 1 sem læsisteyminu var falið að framkvæma hefur verið náð. Námsefni, skimanir og ráðgjöf fyrir tvítyngda nemendur og foreldra þeirra hefur hvað minnst verið sinnt þar sem eingöngu einn sérfræðingur var í þeirri vinnu.

## 2. Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþróun

### 2a. Ráðgjöf og stuðningur

„Að minnsta kosti tíu ráðgjafar verði ráðnir til að vinna sem teymi næstu fimm árin. Þeir sinni ráðgefandi hlutverki og stuðningi við læsissám og námsmat um allt land, með aðkomu og virku samstarfi ráðuneytis, sveitarfélaga, KÍ, Heimilis og skóla, háskólasamfélagsins o.fl. Ráðgjafar hljóti leiðsögn í að þjálfa aðra og veiti víðtækan stuðning og starfsþjálfun á vettvangi og í gegnum vefsíðu, sbr. næsta lið. Ráðgjafar styðji skóla til stöðugra umbóta í anda lærdómssamfélagsins og miðli milli skóla og kennara bestu leiðum til eflingar læsis, þ.e. leiðum sem rannsóknir og mælingar hafa sýnt að skili árangri. Ráðgjafar samhæfi störf sín um allt land.“

Læsissteymið hefur verið í virku samstarfi vegna ráðgjafar við öll sveitarfélög á landinu sem hefur farið fram með fjölbreyttum hætti og er skipulagt út frá beiðni og þörf hvers sveitarfélags og/eða skóla.

Aðaláherslur ráðgjafarinnar eru:

- Áætlanagerð út frá niðurstöðum tölulegra gagna.
- Gerð læsisstefnu.
- Raunprófaðar kennsluaðferðir til eflingar læsis.
- Íslenska sem annað tungumál.
- Nýting tölulegra gagna.
- Samstarf milli skólastiga.
- Samstarf við foreldra.

Samstarf ráðgjafa við sveitarfélög og skóla hefur verið fjölbreytt. Fundað hefur verið með fulltrúum bæjar- og sveitarstjórna, m.a. vegna gerðar læsisstefnu skóla og sveitarfélaga. Ráðgjöf hefur verið veitt til stjórnenda og kennara í leik- og grunnskólum en einnig hefur samstarfið verið í formi ráðgjafar og fræðslu til foreldra. [Vefur-](#) og [samfélagsmiðlar](#) Menntamálastofnunar eru jafnframt nýttir til upplýsingagjafar.

Sveitarfélög, leik- og grunnskólar hafa fengið ráðgjöf og stuðning við að gera læsisstefnu en mismunandi er hvaða aðgerðir sveitarfélaga og áherslur í lestrarmálum hafa náð til leikskólastigsins. Margir leik- og grunnskólastjórar hafa sótt fyrirlestur um gerð læsisstefnu og einnig fengið fræðslu fyrir starfsfólk. Unnið hefur verið að fræðslu til foreldra og verið er að afla upplýsinga um sýn foreldra og hvernig þeir vilja sjá að samstarfi við leikskóla varðandi mál og læsi sé háttað.

Reynsla af ráðgjöf og fræðslu hefur sýnt að til þess að gera læsiráðgjöf áhrifaríka og sjálfbæra eftir að formlegu verkefni lýkur þá þarf að efla þekkingu innan sveitarfélaganna á læsi og lestrarkennslu. Til þess að það geti gerst þyrfti ráðgjöfin að flytjast smám saman til sveitarfélaganna, líklegast til kennsluráðgjafa hjá þeim sveitarfélögum sem þá hafa á sínum snærum.



## 2b. Vefsíða

„Ráðgjafar haldi utan um vefsíðu og læsistorg og miðli þekkingu með þátttöku kennara og annarra sérfræðinga. Þar verði m.a. aðgengi að fræðsluefni um málþroska og læsi á margvíslegu formi, upplýsingar og leiðbeiningar um náms- og kennsluaðferðir sem nýtist öllum aldurshópum, umfjöllun um niðurstöður íslenskra og erlendra rannsókna á sviði málþroska og læsis, leiðbeinandi viðbragðsáætlanir og lesskimunarpróf.“

Innan vefs MMS er [svæði læsisverkefnisins](#) þar sem eru hlekkir á hina ýmsu vefi t.d. [Læsisvefinn](#), [Ritunarvefinn](#) og [námsefni tengt lesskilningi](#).

Í byrjun febrúar 2020 var *Læsisvefurinn* opnaður en hann inniheldur aðferðir og íhlutunarefni sem nýtist kennurum til að bregðast við niðurstöðum matstækja Lesferils og efla lestrar-kennslu á öllum stigum grunnskólans. Flokkun á efni vefsins tekur mið af hugsmíðunum sem matstæki Lesferils meta en henni er jafnframt ætlað að endurspeglar hvað er fólgið í hverri hugsmíð eða færni sem saman mynda gott læsi. Flokkarnir eru *Forsendur læsis*, *Lesfimi*, *Orðaforði og lesskilningur*, *Ritun og Lestrarmenning*. Þessir flokkar skiptast síðan í undirflokkar sem varpa frekara ljósi á þá færni sem þjálfar þarf hverju sinni. Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður kennurum og miðar allt efni hans að því að fá þeim í hendur aðferðir, verkfæri og bjargir til að efla lestrar- og ritunarkennslu sína. Ákveðið var að leggja áherslu á útfærslu aðferða til formlegrar lestrar-kennslu á öllum aldurstigum og var þá sérstaklega horft til nemenda sem voru á milli viðmiða 1 og 2 við val á aðferðum. Lögð var áhersla á þennan hóp að undirlagi ráðgjafa teymisins, Stephanie Gottwald, þar sem sóknarfæri varðandi árangur er talið mest hjá þessum nemendum.

Samkvæmt aðgerðaáætlun liggur það í eðli vefsins að hann fái svigrúm til að vaxa og dafna, að efnistöð verði enn fjölbreyttari og miðlunarleiðir í takt við tæknina. Rafræna umhverfið býður jafnframt upp á mikinn sveigjanleika og möguleika til að koma hratt og örugglega til móts við þarfir skólasamfélagsins.

## 2c. Skimanir

„Menntamálastofnun þróa lesskimanir fyrir alla aldurshópa og aðgangur að þeim verði gjaldfrjál. Ráðgjafar aðstoði kennara og aðra sem koma að læsina við fyrirlögn, túlkun og eftirfylgni niðurstaðna skimana fyrir alla aldurshópa.“

### Þróun og gerð lesfimiþrófa

Eins og kemur fram í kafla 1b hér að framan voru lesfimiþróf þróuð og stöðluð fyrir alla árganga grunnskóla. Stöðluð voru tvö próf fyrir hvern árgang, sama próf (A próf) var lagt fyrir í september og maí en annað próf (B próf) var lagt fyrir í janúar. Var þetta gert til þess að minnka líkur á því að nemendur lærðu textann á milli prófanna. Í kjölfar gagnaöflunar og endurmats á B prófinu var ákveðið að taka það út og nota A prófið í öll þrjú skiptin og komst sú breyting til framkvæmdar í janúar 2020.

Læsteymið gerði úttekt á notkun skimunarprófa í leik- og grunnskólum og ljóst var að fjöldinn allur af skimunartækjum var í notkun í bæði leik- og grunnskólum landsins. Í stað þess að hanna og staðla ný mælitæki frá grunni var ákveðið að kaupa mest notuðu matstækin og gera þau aðgengileg skólum, þeim að kostnaðarlausu. Þau próf og mælitæki sem nú eru hluti af Lesferli eru: HLJÓM-2, Orðarún, Orðalykill, Lesmál og Leið til læsis lesskimun fyrir 1. bekk. Einnig hefur verið unnið að gerð [stuðningsprófa](#) fyrir kennara til þess að gera nánari skimun ef lesfímiprófin sýna veikleika hjá nemendum. Þessi próf meta sjónrænan orðaforða og svo eru próf í orðleysulestri og eru þau á [vef MMS](#). Að auki var þýddur [matsrammi fyrir lestrarlag](#). Matsrammann er gott að nota með lesfímiprófum en einnig er tilvalið að nota hann oft og senda hann heim með nemendum svo foreldrar sjái hverju stefnt er að.

### Þróun ritunarprófa

Það er ljóst að mat á ritun er ekki einfalt viðfangsefni og að mörgu er að huga í því sambandi. Eitt af stærstu atriðunum er yfirferð á matsverkefnum sem eru tímafrek þar sem meta þarf ritun nemenda handvirkt út frá matslistum. Því var löngum tíma eytt í að velta fyrir sér hver ætti að meta ritunina, þ.e.a.s. hvort búa ætti til ritunarmat sem hluta af samræmdum könnunarprófum (SKP) í íslensku eða hvort ritunarmatið ætti að vera fyrir kennara til að nota sjálfir.

Í mars 2017 var tekin sú ákvörðun að færa ritun úr SKP yfir í Lesferil. Undanfarann má rekja til fundar um málið í prófahópi MMS 9. mars 2016 þar sem færð voru fram rök sem studdu flutning á ritunarmati úr samræmdum prófum yfir í Lesferil, sem og hugmyndir að því hvernig þetta ritunarmat ætti að vera. Um haustið var haldið áfram með umræður um mat á ritun og kallaðir til sérfræðingar með sérþekkingu á ritun úr HÍ og HA. Samhliða þessu var verið að kanna nothæfan prófagrunn sem myndi „tala við“ gagnagrunn Skólagáttar. Samhljómur var meðal starfsmanna MMS og sérfræðinga um að matstæki sem myndi styðja vel við ritunarkennslu væri sú leið sem best væri að fara, þar sem greinileg þörf er á stuðningi við kennara hvað þennan efnisþátt varðar. Í stuttu máli sagt voru nokkur ljón í veginum varðandi þessa tilfærslu og þar má helst nefna prófagrunn en Skólagátt nær illa að halda utan um öll próf Lesferils.

Vegna ofanefndra vandræða var gert hlé á gerð matstækis í ritun og sjónum beint að öðrum þáttum í ritunarkennslu sem skólasamfélagið kallaði eftir. Þar má telja opið málþing um framtíð ritunarkennslu, örnámskeið rithöfunda um skapandi skrif og [Ritunarvefinn](#).

Á vordögum 2019 komst svo skriður á vinnu við ritunarmat og ákveðið var að hafa það í formi leiðsagnarmats og ekki væri þörf á skráningu í Skólagátt eða nokkurn annan gagnagrunn, a.m.k. ekki í fyrsta fasa. Vinna við leiðsagnarmatið í ritun er nú í fullum gangi og stefnt er að því að grunnvinnu verði lokið í júní 2020, hægt verði að prufukeyra það veturinn 2020/2021 og það komist síðan í almenna notkun haustið 2021.

## 2d. Kennaramenntunarstofnanir og læsi

### 2e. Fjölgun kennara og sérfræðinga

„Kennaranám verði endurskoðað með markmið um að allir kennarar útskrifist úr námi með staðgóða þekkingu á þróun málþroska og læsis fram á fullorðinsaldur, aðferðum sem skila árangri við kennslu læsis\* og mati á framförum. Þá verði séð til þess að dýpkun á sérsviði læsis verði í boði í tengslum við hvert skólastig. Starfsþjálfun kennaranema á vettvangi verði einnig aukin til muna. Þá verði sérstaklega hugað að menntun sérkennara og kennara tvítýngdra barna á sviði máls og læsis, m.a. að þjálfun í notkun árangursríkra\* lestrarkennsluaðferða verði fastur liður í námi þeirra. Hugað verði að skipulögðum stuðningi við útskrifaða kennara. Einnig verði hlutverk og ábyrgð háskóla til að sinna starfandi kennurum í leik- og grunnskólum endurskilgreint.“

„Mikilvægt er að áfram verði hugað að fjölgun leikskólakennara og vísað er í aðrar áætlanir þar um, einnig er mikilvægt að huga að fjölgun grunnskólakennara og sérfræðinga.“

Flest þeirra atriði sem snerta 2 d og 2 e eru ekki á höndum MMS. Þó er áhugavert að í könnun MMS á ánægju með verkefnið segja 57% kennara að verkefnið hafi haft mikil eða þó nokkur áhrif á þeirra starf, tæplega 53% segja kennsluna vera markvissari en 64% segjast ekki hafa breytt því hvernig þeir kenna læsi.

### 2f. Hlutverk stjórnenda og starfsþróun kennara v. læsis

„Skólastjórnendur fái virkan stuðning í formi fræðslu, þjálfunar og ráðgjafar til að efla starfsþróun þeirra á vettvangi. Ábyrgð skólastjórnenda á eflingu læsis, eftirfylgni með læsisstefnu skólans, starfsháttum kennara og árangri nemenda verði skýr. Skólastjórnendur sjái til þess að kennarar fái endurgjöf á læsiskennslu, m.a. í samræmi við innra og ytra mat. Sérstaklega er lagt til að skólastjórnendur ýti undir starfsþróun kennara í tengslum við læsi og að samráð verði haft við fagráð um símenntun og starfsþróun kennara í þessu samhengi.“

Ráðgjöf um eflingu læsis, gerð læsisstefnu, og stuðning við læsiskennara hefur verið markviss frá 2016. Vegna reynslu teymsisins var ráðgjöf ekki veitt til skóla nema að skólastjóri væri viðstaddur og tæki þátt í umræðum. Ráðgjöfin hefur verið í formi heimsóknna í skóla með fyrirlestrum og fundum, fjarfunda og efnis á vef verkefnisins. Eins og fram kemur í kafla 2a veittu læsiráðgjafar öllum sveitarfélögum aðstoð við gerð læsisstefnu, kennslu læsis, notkun lesfimi-prófa, túlkun gagna og framsetningu tölulegra gagna. Eftirfylgni læsisstefnu er ekki á höndum MMS og ekki er ljóst hvernig þeirri vinnu er háttað en skv. könnun á gerð læsisstefnu og eftirfylgni hennar eru 43% kennara ekki vissir um hvar læsisstefnu sé að finna fyrir skólann og ekki nema 18% vita hvort sveitarfélagið hafi læsisstefnu og/eða hvar hana sé að finna.

Eins og fram kemur í ítarlegri [skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda](#) frá því í október 2019, hafa á undanförunum árum og áratugum verið settar á stofn nefndir og ráð til þess að koma fram með tillögur um starfsnám og starfsþróun kennara en lítið hefur komið út úr þeirri vinnu annað en ítarlegar tillögur. Samstarfsráðið réði nokkra vinnuhópa þ.á m. einn sem greindi þarfir kennara og skólastjórnenda. Í skýrslunni koma fram tillögur í átta

meginliðum og er hlutverk MMR, háskólanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga tilgreint. Til- laga númer þrjú snýr að Menntamálastofnun og hlutverki hennar í aðgerðunum: 3.1 „Mennta- málastofnun bjóði kennurum og skólastjórnendum tækifæri til starfsþróunar í tengslum við verkefni stofnunarinnar og kannanir á hennar vegum. Stofnunin útfæri möguleika til starfsþró- unar í samstarfi við háskóla, sveitarfélög og aðra aðila eftir því sem við á.“ (Bl. 17 í [skýrslunni](#).) Í inngangi að tillögu 3 um hlutverk MMS segir einnig: „Hlutverk Menntamálastofnunar er út- listað í lögum en þar er lítið komið inn á starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Fræðsla til sveitarfélaga og skóla í tengslum við verkefni stofnunarinnar þyrfti að vera öflug og markviss. Án góðrar tengingar er hættu á að skapist gjá sem kemur í veg fyrir að starf stofnunarinnar skili sér á árangursríkan hátt inn í skólakerfið.“

### Árangur sem náðst hefur við markmiði 2

**Ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda hefur verið á höndum teymisins en vegna óskýrra laga um hlutverk stofnunarinnar þegar kemur að starfsþróun kennara hefur þessi hluti áætl- unarinnar ekki verið á höndum teymisins. Þetta á sérstaklega við þann hluta skilgreiningar á starfsþróun sem snýr að formlegu námi, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið og/ eða rannsóknir á eigin starfi (bls. 12).**

### 3. Leggja áherslu á læsi á öllum skólastigum

#### 3a. Aðferðir sem skila árangri skv. rannsóknum og mati

„Áhersla verði lögð á mikilvægi þess að skólar vinni út frá náms- og kennsluáðferðum, sem skila árangri í læsi samkvæmt rannsóknum og mati.“

Unnið hefur verið mikilvægt grunnstarf sem þetta markmið getur byggt á, sbr. Læsisvefinn og Lesferilsprófin þar sem gagnreyndar læsiskennsluáðferðir eru útfærðar sem og íhlutunarefni tengt skimunum og bættum árangri. Eins og áður segir unnu ráðgjafar læsisteymisins með Dr. Stephanie Gottwald sérfræðingi í læsi, að rýni í og útfærslu á gagnreyndum aðferðum í læsiskennslu. Öll ráðgjöf og aðferðir teymisins voru byggðar á þessari rýni og með aðstoð Dr. Gottwald var byggður upp rammi um hvernig bestum árangri væri hægt að ná í læsiskennslu; hvernig byggja á mælitæki/skimanir í læsi og hvernig nota skyldi niðurstöður þeirra.

Hér á eftir er kafli úr skrifum Dr. Stephanie Gottwald fyrir þess matsskýrslu. Allur kaflinn frá henni er í viðhengi bæði á íslensku og ensku.

#### *Aukin þekking kennara*

*Með starfi læsisteymisins hefur grunnur verið lagður að árangursríkri framkvæmd áætlunar um starfsþróun kennara. Skýrar vísbendingar eru um að kennsluhættir þurfi að breytast, einkum vegna þeirra nemenda sem raðast í neðsta fjórðung í lestrarfærni. Með hinu nýja og raunprófaða matstæki – Lesferli – safnast enn frekari upplýsingar sem nýta má til að móta ráðleggingar um bestu aðferðir við snemmtæka íhlutun og kennslu.*

*Starfsþróun er ómissandi þáttur árangursríkrar áætlunar um betra læsi. Starfsþróun kennara á sviði læsis skilar bestum árangri ef hún hvetur bæði kennara og nemendur til að temja sér ævilangt nám á samstarfsgrundvelli í stað þess að vera einungis afmörkuð kynning á því hvernig standa ber að fyrirlögn prófs eða framfylgd námskrár. Bæði nemendur og kennarar taka þá að líta á skólastofuna sem hvetjandi umhverfi fyrir einstaklingsþroska og faglegar framfarir. Námsmat snýst ekki fyrst og fremst um „próf“ heldur er það tækifæri til að öðlast skilning á atferli af ýmsu tagi sem túlkað er sem þáttur í samfelldri uppbyggingu læsis og hugtakabundins náms. Lykilþáttur í slíku skólastarfi er góður skilningur á samvinnu nemanda og kennara og þeirri samvinnu til grundvallar er samofin heild námsefnis, kennslu og lærdóms.*

#### 3b. Snemmtæk íhlutun

„Sérstök áhersla verði á að hefja læsinnám í leikskólum, þar sem markvisst verði unnið með grunnþætti bernskulæsis eftir fjölbreyttum leiðum í gegnum leik og skipulagt starf. Fylgst verði náið með málþroska og læsi í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Snemmtæk íhlutun og viðbragðsáætlanir miðist við að sem flest börn sem lokið hafa 3. bekk hafi þá grunnfærni í læsi sem nauðsynleg er til áframhaldandi náms. Lögð verði sérstök áhersla á að styrkja hlutverk talmeinafræðinga og annarra sérfræðinga.“



Læsisráðgjafar hafa veitt sveitarfélögum og skólum aðstoð við framkvæmd á snemmtækri íhlutun í leikskólum. Undirritaður var samstarfssamningur við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing sem fól í sér að hún í samstarfi við MMS myndi sjá um innleiðingu á þróunarverkefni sínu *Snemmtæk íhlutun* í átta leikskólum (í einu sveitarfélagi). Tilgangurinn og markmiðið með verkefninu er að öll börn í leikskólum á Íslandi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti sem fyrst á skólagöngu sinni. Einnig er með samstarfsverkefninu verið að byggja upp þekkingu í leikskólum til að beita aðferðum Snemmtæktrar íhlutunar og efla vinnu með læsi í leikskólum. Í samningnum fólst einnig að ýmsar afurðir verkefnisins yrðu gerðar aðgengilegar á vef MMS. Vefurinn verður opnaður vorið 2020.

Í ágúst 2018 var sendur kynningarpóstur til sveitarfélaga og þeim boðið að sækja um að taka þátt í innleiðingarferlinu með MMS og Ásthildi. Tólf sveitarfélög sóttu um og varð Mosfellsbær fyrir valinu. Einnig var ákveðið að fara af stað með Fjarðabyggð á vormánuðum 2019. Samstarfið við Mosfellsbæ hófst 30. okt. 2018 með formlegri undirskrift bæjarstjóra Mosfellsbæjar og forstjóra MMS. Unnið er eftir samþykktri [verkáætlun](#).

Sérstöku átaki var hrundið af stað til þess að efla námsefniskost í leikskólum landsins. Bókin Markviss málörvun var gefin út á rafrænu formi og auk þess vann MMR að stefnumótun vegna námsgagna fyrir leikskólastigið. Áhersla var lögð á að leikskólar standi jafnfætis grunnskólum landsins í aðgengi að góðu námsefni.

### 3c. Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara

„Allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara og vinni m.a. með orðaforða, ritun, lesskilning og tjáningu í ólíkum námsgreinum. Áfram verði kerfisbundið læsinnám í og eftir 4. bekk og til loka 10. bekkjar og áfram í framhaldsskólum ef þörf krefur, með áherslu á lesskilningsaðferðir, eflingu orðaforða, lesfimi, yndislestur, skapandi skrif, tjáningu og túlkun. Nemendur sem sýna afbuðarfærni í læsi njóti stuðnings og hvatningar til að dýpka enn frekar læsi og lesskilning. Ráðgjafar aðstoði við að útfæra leiðir til að byggja læsinnámið markvisst inn í ólíkar námsgreinar. Innleiðing í hverjum skóla verði á ábyrgð skólastjóra með stuðningi sveitarfélags.“

Læsisráðgjafar lögðu í allri ráðgjöf áherslu á að allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara og er það ein af helstu ástæðum þess að framkvæmd prófa og skimana miðar að því að allir kennarar geti lagt þau fyrir en ekki þurfi sérfræðing til þess. Ráðgjöf og fræðsla tók mið af þessari sýn og hlutverk Læsisvefsins er að hann sé verkfærakista fyrir ALLA kennara til að geta uppfyllt þetta markmið.

### Árangur sem náðst hefur við markmiði 3

**Litlar upplýsingar eru um hvort allir kennarar skilgreini sig sem læsiskennara en ef lítil svörun við könnunum sem sendar eru út eru nothæfur mælikvarði á það má færa fyrir því rök að margir kennarar líti ekki á sig sem læsiskennara. Hins vegar hefur Læsisverkefni/teymið verið með þetta að leiðarljósi í allri ráðgjöf sem og við gerð Læsisvefsins.**

## 4. Auka samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi

### 4a. Foreldrar lesi fyrir börn sín og hlusti af athygli á þau lesa

„Mikilvægt er að foreldrar sjái sig sem virka þátttakendur í læsinnámi barna sinna og fylgist með framvindu og árangri í læsi. Foreldrar eigi daglega lestrarstund með börnum sínum til loka grunn-skóla. Foreldrar fái stuðning og fræðslu til þess að hlúa að lestrarnámi barna sinna, ekki síst þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Heimili og skóli taki áfram virkan þátt í að hvetja foreldra til þátttöku í læsinnámi barna sinna.“

### 4b. Aðgengi að lesefni við hæfi

„Almenningsbókasöfn, skólasöfn og skólar leggi áherslu á að hafa á boðstólum fjölbreytt lesefni, bækur og rafrænt efni sem höfðar til nemenda og tækifærið nýtt til að efla hlutverk bókasafna í því að stuðla að auknu læsi barna og ungmenna. Opnunartími skólasafna verði lengdur og þjónusta bætt.“

Læsissteymið lagði ríka áherslu á það í ráðgjöf og fyrirlestrum að samstarf við foreldra væri lykilatriði að góðum árangri. Í [samstarfi við Heimili og skóla var útbúið efni](#) sem dreift var til foreldra og skóla. Haustið 2019 réði MMS læsissérfræðing til þess að semja og miðla efni fyrir virkt foreldrasamstarf. Markmiðið er að efla foreldra til þátttöku í læsinnámi barnanna og verður það gert með því að útbúa efni sem kennarar geta notað í samskiptum við foreldra svo og efni sem foreldrar geta nýtt sér við þjálfun barna sinna í læsi.

Læsissteymið hefur unnið með bókasöfnum að hugmyndum að lestri nemenda í sumarfríum. [Hvatningu til sumarlesturs](#) er dreift í formi [læsisdagatals](#). Í því felast hugmyndir fyrir barnið og fjölskylduna að eflingu lesturs í sumarfríinu ásamt eyðublaði til að fylla út eigin hugmyndir. Þessi dagatöl hafa fengið mjög góðar viðtökur og hefur verið miðlað á heimasíðu MMS, fésbókarsíðum MMS og hinna ýmsu hópa sem eru á netinu. Einnig hafa bókasöfn, skólar og félagsamtök dreift þeim. Dagatölin voru gefin út sumrin 2017, 2018 og 2019. Eins og fram kemur hér að neðan hefur MMS unnið með rithöfundum frá SÍUNG sem og öðrum rithöfundum að útgáfu námsefnis sem birtist t.d. á [Ritunarvefnum](#) en hann var unninn í náinni samvinnu við Davíð Hörgdal Stefánsson rithöfund og kennara.

### 4c. Lesefni og áhugi á lestri

#### 4d. Fjölmiðlar og kynningar á lesefni

„Ráðuneyti, sveitarfélög, skólar, fjölmiðlar, útgáfufélög, bókahöfundar og aðrir hugi að margvíslegum leiðum til að koma lesefni á framfæri, t.d. með því að:

- i. hvetja nemendur til að tjá sig um og mæla með lesefni,
- ii. hvetja útgefendur, rithöfunda og þýðendur barna- og unglingsbóka til að kynna bækur sínar í fjölmiðlum og skólum,

- iii. skoða leiðir til að nýta samfélagsmiðla til að hvetja nemendur og auka áhuga á læsi,
- iv. endurskoða útgáfu lesefnis m.t.t. áhuga nemenda; matið byggist m.a. á afstöðu nemenda, núverandi og fyrrverandi, hugmyndum þeirra og ábendingum,
- v. áhersla verði á útgáfu á rafrænu lesefni, aðgengi að námsefni, gerð innhaldsríkra léttlestrarbóka fyrir eldri nemendur,
- vi. meta þætti sem vekja áhuga á læsi og nýta þá til að hvetja nemendur í læsisþjálfun sinni.“

„Fjölmíðlar verði hvattir til samfélagslegrar ábyrgðar með umfjöllun um íslenskt mál, menntamál almennt og læsi. Einnig að vekja athygli á mikilvægi starfs kennara og þróunarstarfi í skólum og einnig á vægi læsis í tengslum við jöfnuð, undirstöðu velgengni og grundvöll til áframhaldandi náms út lífið.“

Þegar leiðir til vitundarvakningar um læsi voru ræddar var valin var sú leið að virkja og styðja við þá sem þegar voru í góðu sambandi við börn og unglunga frekar en að byrja á nýjum verkefnum og ferlum. Teymið hóf greiningu á starfi sem þegar var byrjað og hafði reynst vel og vildi þá frekar reyna að víkka það starf út þannig að læsi væri hluti af allri umræðu. Eftir þessa greiningu voru eftirfarandi atriði ákveðin sem áherslur:

- 2017–2020 kennarar
- 2017–2018 nemendur
- 2018–2019 foreldrar
- 2019–2020 þarfagreining

Menntamálastofnun og KrakkaRÚV gerðu með sér samstarfssamning um framleiðslu á efni til að stuðla að auknum áhuga á [lestri og skapandi skrifum](#); úr varð verkefnið [Sögur](#). Samstarfið óx með aðkomu fleiri aðila. Sögur hafa teygt anga sína víða og er nú svo komið að mynduð hafa verið regnhlífarsamtökin [Sögur-samtök um barnamenningu](#). Aðilar að þeim samtökum eru Menntamálastofnun, KrakkaRÚV, SÍUNG, Borgarleikhúsið, Borgarbókasafnið, Barnamenn-ingarhátíð, IBBY, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Miðja máls og læsis, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og Útvarpsleikhúsið. Það var í krafti þessa samstarfs sem [Sögur – verðlaunahátíð barnanna](#) varð að veruleika.

Nokkrir rithöfundar, eins og t.d. Þorgrímur Þráinsson, hafa verið duglegir að ferðast um landið og kynna sitt efni en einnig hvernig rithöfundar ganga til verks og hvernig hugmyndavinna og ritun fer fram. Þorgrímur hafði samband við MMS og vildi sameina kraftana og nýta heimsóknir sínar í grunnskóla landsins og var það gert. Samstarf hefur verið við SÍUNG, Samtök íslenskra unglinga- og barnabókahöfunda en Gunnar Helgason rithöfundur fór á vegum læsisverkefnisins í alla grunnskóla á Austurlandi þar sem hann kynnti m.a. gildi læsis og mikilvægi lesturs. Aðrir barna- og unglingabókahöfundar sem unnið hafa með MMS eru Kristín Helga Gunnarsdóttir og Bergrún Íris Sævarsdóttir.

Þrátt fyrir að mikið væri lagt upp úr vinnu með þeim sem þegar voru í góðu sambandi við börn og unglinga, hóf teymið að auki samstarf með þekktu tónlistarfólki eins og t.d. [Sölku Sól Eyfeld](#) og [Puríði Blæ Jóhannesdóttur](#), [ungum rithöfundum](#) og íþróttafólki t.d. [Margrėti Láru Viðarsdóttur](#) og [Björgvini Páli Gústafssyni](#) sem börn og unglingar þekktu, til þess að tala um mikilvægi læsis og þess að tala góða íslensku. Þessi myndbönd eru aðgengileg á netinu og var dreift á heimasíðum og samfélagsmiðlum.

#### Árangur sem náðst hefur við markmiði 4

Mikið hefur verið gert til að vekja samfélagið til vitundar um mikilvægi læsis og hvernig hægt er að vekja áhuga, auka hann og viðhalda og hafa rithöfundar verið ómissandi í þeirri vegferð. Einnig hafa fjölmiðlar eins og RÚV verið afar hjálplegir við að koma skilaboðunum á framfæri. Þótt MMS hafi verið samstarfsaðili þessara verkefna og unnið náði með þeim frá upphafi, er ljóst að kennarar hafa ekki gert sér grein fyrir því að þetta hafi verið hluti af læsisverkefninu. Það sést á því að einungis 20% vissu að læsisteymið væri hluti af Söguverkefninu og 35% vissu að teymið hefði unnið með SÍUNG. Eins og fram kemur í könnun sem kennarar og skólastjórnendur svöruðu (sjá kafla um ánægju og afurðir hér að neðan) þá telja kennarar að eitt af því sem þurfi að vinna vel að á næstu árum sé að auka útgáfu vandaðra námsbóka sem og almennra bókmennta.

# Ánægja með þjónustu og afurðir

## Ánægjukönnun um læsisverkefnið

Í desember 2019 var send út könnun um ánægju, viðbrögð og framtíð verkefnisins til félaga í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ). Svörun var því miður langt undir væntingum en 17% kennara og 24% skólastjóra svöruðu könnuninni. Hugsanlegt má telja að margir kennarar hafi ekki talið sig eiga að svara þar sem þeir skilgreini sig ekki sem læsiskennara og hafi lítið sem ekkert með lesfimiþrófinni og læsisverkefnið að gera. Þar sem svör fengust frá 824 grunnskólakennurum var ákveðið að greina niðurstöðurnar með þeim fyrirvara að tiltölulega lágt hlutfall þeirra hafi svarað.

Rúmlega 71% grunnskólakennara (félagar í FG) segjast vera ánægðir með lesfimiþrófin en rúmlega 49% þeirra segjast ánægðir með lesfimiþrófinni. Á hinn bóginn segja 17% þeirra lesfimiþrófin gera lítið sem ekkert gagn. Margar athugasemdir (92) voru skrifaðar við spurningar í þessum flokki og voru þær langflestar um réttmæti viðmiðanna og þá sérstaklega í efri bekkjunum. Flestum sem gerðu athugasemdir þykja þau of há miðað við getu nemendanna sem kennarar vinna með. Þó nokkrir voru ánægðir með að B prófið hafi verið tekið út í janúar 2020 og að sama prófið sé núna lagt fyrir í öll þrjú skiptin. Einnig voru nokkrir sem gerðu athugasemdir við uppsetningu textans, þ.e. að mörg prófanna væru of þung og að nemendur kæmst ekki í gang og væru að gera óþarfa mistök vegna þessa.

Tæplega 57% kennara segja að verkefnið hafi haft mikil eða þó nokkur jákvæð áhrif á þeirra starf, 55% segja að prófin hafi gert læsiskennsluna markvissari og 85% segjast nota niðurstöðurnar til að laga lestrarnám að þörfum nemenda. Aftur á móti segjast rúmlega 63% þeirra ekki hafa breytt því hvernig þeir kenna læsi.

Tæplega 80% kennara segjast ræða reglulega niðurstöður prófanna á fundum með öðrum kennurum en 38% segjast ræða þær reglulega á fundum með skólastjórnendum. Rúmlega 88% segja að auðvelt sé að leggja prófin fyrir og að þeir hafi greiðan aðgang að niðurstöðum þeirra og um 89% segjast eiga auðvelt með að nýta og túlka niðurstöðurnar.

Spurt var að hverju læsisteymið ætti að einbeita sér á síðasta ári verkefnisins. Um 83% sögðu að auka ætti úrval af námsefni og 63% vildu aukna samvinnu Menntamálastofnunar við HÍ og HA. Margar athugasemdir (85) við þennan spurningaflokk voru á þá leið að einhvers konar verkefnabanki væri nauðsynlegur, gott væri að fá námsefni og matstæki fyrir tvítyngda nemendur og aðstoð við foreldrafræðslu og lesskilningspróf, önnur en þau sem nú þegar eru aðgengileg.

Rúmlega 86% skólastjóra (félagar í SÍ) eru ánægðir með lesfimiþrófin en rúmlega 62% þeirra eru ánægðir með lesfimiþrófinni. Tæplega 83% þeirra segja að prófin séu nauðsynlegt tæki fyrir markvissa lestrarkennslu og tæplega 90% segja þau gefa gott yfirlit yfir stöðu læsis í skóla í þeirra umsjá. Rúmlega 4% þeirra segja prófin gera lítið gagn en tæplega 75% segja verkefnið hafi aukið áherslu skólans á læsi.

Túlkun niðurstaðna ánægjukönnunar grunnskólakennara og skólastjórnenda.



Almenn ánægja er með lesfimiþrófin en þó er hún meiri hjá skólastjórnendum en kennurum (86% m.v. 71%). Greinilegt er einnig af athugasemdum að einhverjir líta á lesfimiþrófin sem hraðapróf, sem þau eru ekki nema að hluta. Mun minni ánægja er með lesfimiþrófin eða 62% skólastjórnenda og 49% kennara. Eins og fram kemur í 1 c, voru viðmiðin unnin út frá mörgum mismunandi stöðlum, bæði innlendum og erlendum.

## Ánægja með ráðgjöf og kynningar

Ánægjukönnun hefur verið send út til þeirra sem tóku þátt í ráðgjöf og kynningum læsisráðgjafa. Niðurstöður hafa verið greindar reglulega og niðurstöður nýttar til að bæta ráðgjöf og kynningar. Svör hafa fengist frá 101 þátttakanda en óljóst er hversu margir fengu senda könnunina þar sem skólar sáu um að koma henni til þátttakanda. Spurt var um hvort erindin hafi staðist væntingar, framsetningu erinda, hvort erindin vektu áhuga, hvort þau myndu nýttast í starfi og hvort skipulag dagsins hefði verið gott. Að auki voru tvær opnar spurningar um hvað var vel gert og hvað hefði mátt gera betur.

Tafla 3 sýnir niðurstöður fyrstu fimm spurninganna en þar kemur fram að þeir sem voru „mjög sammála“ eða „sammála“ fullyrðingunum um að erindin hafi staðist væntingar voru 79%, 81% fannst framsetning þeirra skýr, 82% fannst erindin vekja áhuga, 79% bjóst við að erindin myndu nýttast í starfi og 68% fannst skipulag dagsins vera gott.

**Tafla 3.** Niðurstöður ánægjukönnunar með ráðgjöf og kynningar.

|   | MJÖG SAMMÁLA | SAMMÁLA      | HVORKI NÉ    | ÓSAMMÁLA   | MJÖG ÓSAMMÁLA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|--------------|--------------|--------------|------------|---------------|-------|------------------|
| Erindin stóðust væntingar mínar         | 30.69%<br>31 | 48.51%<br>49 | 10.89%<br>11 | 7.92%<br>8 | 1.98%<br>2    | 101   | 3.30             |
| Framsetning erindanna var skýr          | 39.60%<br>40 | 41.58%<br>42 | 10.89%<br>11 | 6.93%<br>7 | 0.99%<br>1    | 101   | 3.42             |
| Erindin vöktu áhuga minn                | 44.55%<br>45 | 37.62%<br>38 | 8.91%<br>9   | 6.93%<br>7 | 1.98%<br>2    | 101   | 3.43             |
| Efni erindanna mun nýttast mér í starfi | 40.59%<br>41 | 38.61%<br>39 | 14.85%<br>15 | 3.96%<br>4 | 1.98%<br>2    | 101   | 3.48             |
| Skipulag dagsins var gott               | 33.33%<br>33 | 34.34%<br>34 | 20.20%<br>20 | 9.09%<br>9 | 3.03%<br>3    | 99    | 3.38             |

Greining á svörum við opnum spurningum sýnir að fyrirlesarar voru vel skipulagðir, jarðtengdir, með reynslu sem kennarar og það skilaði sér í hagnýtum upplýsingum og fyrirlesarar voru vel að sér og svöruðu spurningum skilmerkilega. Margir óskuðu eftir meiri og fleiri hagnýtum lausnum og að til væri „verkfærakista“ fyrir kennara til að leita í, sem nú er orðið að veruleika með Læsisvefnum. Enn aðrir hefðu viljað fá mun meiri tíma með ráðgjöfunum og töldu að reynt væri að koma of miklu fyrir á of stuttum tíma.

Þegar horft er um farinn veg frá því að Þjóðarsáttmálinn var gerður sést að ýmislegt hefur áunnist og ljóst að mörg sveitarfélög, margir skólar, kennarar, foreldrar, bókasöfn, rithöfundar, útgefendur og fleiri hafa verið virkir í því að ýta undir áhuga barna á lestri og aðra grunnþætti lestrarfærni. Mikilvægt er að nýta niðurstöður lesskilningshluta PISA 2018 til að gera enn betur. Þörf er á markvissari starfsþróun kennara, styðja þarf betur við málörvun og íhlutun hjá yngri

börnum, tryggja þarf að allir kennaranemar fái grunnmenntun í lestrarfræðum og huga þarf betur að kennslu og vinnu með námstengdan orðaforða og hugtakaskilning á mið- og unglingastigi. Aðstæður barna hafa verið að breytast mikið og það þarf áfram að styðja börn og foreldra með öflugri lestrarmenningu.

Mat á árangri af starfinu hefur stöðugt verið í gangi síðustu þrjú ár og þær niðurstöður gefa okkur skýrt til kynna að verkþáttum vindur vel fram eða er lokið. Sveitarfélög hafa verið að meta sinn árangur í samræmi við Þjóðarsáttmálann en það er auðvitað mismunandi hversu vel þeim hefur gengið með sinn hluta sáttmálans.

## Niðurstöður

Þótt læsisverkefnið hafi unnið að flestum þeim undirmarkmiðum sem sett voru fram í aðgerðaáætlun Mennta- og menningarmálaráðuneytis þá er ljóst að það fjármagn og tímarammi sem verkefninu voru sett var ekki í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru til þess. Þegar verkefnið fór af stað voru engin stöðluð lesfimipróf til á Íslandi og litlir sem engir innviðir fyrir kerfisbundna vinnu við að bæta læsi. Það var t.d. enginn einn staður (s.s. heimasíða) fyrir kennara að leita á en aftur á móti margar síður á samfélagsmiðlum og hjá einkaaðilum sem hægt var að leita til. Því þurfti að byrja á að byggja upp innviðina og kortleggja efni sem til var, þá fyrst var hægt að hefja kerfisbundna uppbyggingu á læsisverkefninu. Lesferill var án efa umfangmesta verkefnið. Hefur þetta breytt vinnuumhverfi kennara þannig að þeir hafa nú einn stað þar sem þeir geta nálgast próf, skimanir, kennsluefni, kennsluleiðbeiningar, hugmyndir og verkefni. Hjá flestum þjóðum sem staðla lestrarpróf fyrir nemendur eru stór teymi prófa- og læsissérfræðinga sem sjá um ferlið og oftast tekur það 3–6 ár, allt eftir því hvað til var af efni í upphafi. Í þessu verkefni voru engin próf til sem nothæf voru og því þurfti að semja þau öll, þyngdarprófa og staðla og þetta var gert á rúmu einu ári. Að sama skapi voru lesfimiðmiðin unnin á 10 dögum en sú vinna ætti að taka marga mánuði skv. vinnu annarra þjóða.

Ástæður þess að heildarmarkmiði verkefnisins um að 90% nemenda nái stigi 2 og hærra á PISA 2018 var ekki náð eru flóknar og ekki hægt að skýra með einfaldri greiningu. Út frá þeim gögnum sem þessi skýrsla byggist á má skýra það að einhverju leyti með því að mjög lítið af efni var komið til kennara frá því verkefnið hófst haustið 2015 og þangað til PISA var framkvæmt vorið 2018 og því höfðu kennarar haft of lítinn tíma og lítið aðgengi að aðstoð til þess að bæta læsi nemenda. Lesfimiprófin voru komin í notkun vorið 2018 en mun færri skólar notuðu þau fyrstu tvö árin (skólaár 2016/2017 og 2017/2018) en seinni tvö (skólaár 2018/2019 og 2019/2020). Ráðgjöf hafði verið veitt til margra skóla og sveitarfélaga en óvíst er hversu miklu hún skilaði til bættra starfshátta kennara sem sést m.a. á því að fjórum árum eftir að verkefnið byrjaði segjast 63% kennara ekki hafa breytt kennsluháttum sínum eftir að læsisverkefnið fór af stað.

Niðurstöður lesfimiprófa sýna að framfarir hafa orðið í læsi en þær hafa verið hægar og ekki sem stöðugar framfarir allra hópa heldur eru þær frekar tengdar árgöngum. Gleðilegt er að sjá að bæting á niðurstöðum virðist vera að færast upp, þ.e. nemendum í 1.–4. bekk hefur farið meira fram en nemendum í 5.–10. bekk.

Starfsþróun kennara er einn af hornsteinum verkefnisins og það er ljóst af þessu mati að henni hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi og er eitt af sóknarfærum í framhaldinu. Þetta má að hluta til skýra með því að óljóst var í upphafi hver bæri ábyrgð á þessum málaflokki það er því mikið gleðiefni að Mennta- og menningarmálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir hefur lagt mikla áherslu á grunntenntun og starfsþróun kennara í stefnumótunarræðum og ritum.

## Tillögur

Við upphaf læsisverkefnisins lágu fáar bjargir fyrir til að hægt væri að hefja menntaumbætur af krafti og ber þar helst að nefna skort á matstækjum og þekkingu skólasamfélagsins á viðeigandi viðbrögðum við niðurstöðum. Ýmiss konar kerfislægur vandi er einnig fyrir hendi sem birtist t.d. í kennaraskorti, ófullnægjandi upplýsingum vegna innleiðingar aðalnámskrár og nýs námsmats og vöntun á miðlægum gagnagrunni með upplýsingum um menntakerfið svo dæmi séu tekin. Margt hefur engu að síður áunnist og fjölbreyttan lærdóm má draga af þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram undir merkjum læsisverkefnisins.

Nýjar niðurstöður PISA-rannsóknar benda til að enn sé nokkuð langt í land til að ná markmiðum Hvítbókar um eflingu læsis og við bætast áhyggjur manna af versnandi stöðu íslenskunnar þar sem börn dvelja langdvölum í ensku málumhverfi með tilheyrandi áhrifum á orðaforða og málskilning þeirra.

Með þetta í huga vill Menntamálastofnun leggja ríka áherslu á að unnið sé áfram af krafti og með markvissum hætti samkvæmt [Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi](#) og leggur til að:

- Unnið sé áfram að markmiðum *Þjóðarsáttmála um læsi*:
  - Menntamálastofnun verði gert kleift að ljúka við gerð matstækja og þróa áfram þau matstæki sem þegar eru til, enda liggja niðurstöður mats til grundvallar skipulagi og áherslum í námi og kennslu. Menntamálastofnun verði gert mögulegt að vinna áfram að fjölbreyttu efni á Læsisvefinn þannig að tryggt úrval verði á viðfangsefnum tengt læsinnámi eldri nemenda grunnskólans, hvernig læsi er kennt í öllum námsgreinum, umfjöllun um rannsóknir á sviði málproska og læsis sem og leiðbeinandi viðbragðsáætlanir.
  - Menntamálastofnun verði gert betur kleift að bjóða kennurum og skólastjórnendum tækifæri til starfsþróunar og sveitarfélögum ráðgjöf í tengslum við læsisverkefni (notkun matstækja, viðbrögð við niðurstöðum, gerð og eftirfylgni við læsisstefnur, notkun Læsisvefs og foreldrasamstarf svo dæmi séu tekin) sem og önnur verkefni stofnunarinnar.
- Færa starfþróun kennara og skólastjórnenda til betri vegar en Menntamálastofnun tekur heils hugar undir allar átta tillögur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem settar eru fram í skýrslu ráðsins sem kom út í október á síðastliðnu ári á vegum MRN.
- Kennsla í læsisfræðum verði aukin í grunnnámi kennara svo allir kennarar geti kallað sig læsiskennara óháð því hvaða námsgrein þeir kenna (sbr. „Kennaranám hefur verið lengt og aðgerðum hrint af stað til að auka aðsókn í kennaranám en hlutur læsisfræða í náminu er of lítill. Núverandi fimm ára kennaranám tryggir ekki að allir brautskráðir kennarar viti mikið um lestur og læsi.“ (Menntamálastofnun (2019), bls. 46).

- Ábyrgð hagaðila (nemenda, foreldra, kennara, skólastjórnenda og sveitarfélaga) á læsinnámi, læsiskennslu og niðurstöðum á læsismati verði skýrð og skerpt í ljósi þess að góð læsishæfni allra nemenda er stór lýðheilsufræðilegu þáttur sem hefur mikil áhrif á framtíðarmöguleika þeirra.
- Gerður verði nýr þjóðarsáttmáli um málefni ÍSAT barna og miðlæg stofnun sett á laggirnar sem veitir sveitarfélagi og skólum ráðgjöf.

Þessar tillögur birtast ekki aðeins hér heldur eiga þær samhljóm við tillögur sem finna má í skýrslum sem komið hafa út bæði á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar undanfarið ár. Forsendur framfara í læsi eru margþættar og enn er nokkurt verk óunnið í þeim efnum. Á undanförunum fimm árum hefur verið lagður grunnur að læsisumbótum en með læsisverkefninu hefur orðið til dýrmæt reynsla sem mikilvægt er að nota í framtíðarvegferð umbótastarfs. Ljóst er að sú vegferð verður að eiga sér stað því læsi er lykill að velferð.

## Höfundar skýrslu og starfsmenn læsisteymis

Dr. Katrín Frímannsdóttir, matsfræðingur. Ábyrgðaraðili mats og skýrslu

Andrea Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri Læsisverkefnisins

Auðun Valborgarson, prófafræðingur

Auður Björgvinsdóttir, læsissérfræðingur

Berglind Hansen, verkefnastjóri Lesferils

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, læsissérfræðingur

Katrín Ósk Þráinsdóttir, læsissérfræðingur

Nói Kristinsson, sérfræðingur

Dr. Sigurgrímur Skúlason, prófafræðingur

Dr. Stephanie Gottwald, sérfræðingur í læsi ritaði kafla 3a

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs